

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands
Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögunum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 100,6 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins jákvæð um 3,1 millj. kr. (2023; neikvæð um 5,3 millj. kr.). Eigið fé eftirlitsins í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi var jákvætt um 24,6 millj. kr. (2023; 21,5 millj. kr.) en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefur verið í nokkru jafnvægi síðastliðin tvö ár og leggur stjórn áherslu á að reksturinn sé í stakk búinn að taka við tímabundnum áföllum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 7 starfsmenn í 4,8 ársverki á árinu 2024 og greiddi eftirlitið 58,2 millj. kr. (2023; 52,6 millj. kr.) í laun að meðtöldum stjórnarlaunum að fjárhæð 1,9 millj. kr. (2023: 2,0 millj. kr.) Launatengd gjöld námu 14,9 millj. kr. á árinu (2023: 13,9 millj. kr.) Laun framkvæmdastjóra námu 18,5 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 18,1 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, 10. mars 2025

Í stjórn:

Kristinn Hallur Sveinsson
Birkir Snær Guðlaugsson
Sigrún Ólafsdóttir
Trausti Gylfason
Auður Kjartansdóttir
Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir
Skúli Hreinn Guðbjörnsson

Framkvæmdastjóri:

Þorsteinn Narfason

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annarsstaðar í ársreikningnum.

Borgarnes, 10. mars 2025

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Fjárhagsáætlun 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur				
Framlög sveitarfélaga		22.000.001	22.000.001	14.999.998
Eftirlitsgjöld		67.994.789	61.000.000	56.923.163
Tekjur vegna rannsókna		5.003.196	2.000.000	4.553.404
Aðrar sértekjur		5.568.357	3.000.000	6.853.101
	4	<u>100.566.343</u>	<u>88.000.001</u>	<u>83.329.666</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	7	74.080.429	77.564.152	66.542.861
Annar rekstrarkostnaður	8	20.849.862	18.770.000	21.367.890
Afskriftir	9	3.842.002	992.857	2.116.464
		<u>98.772.293</u>	<u>97.327.009</u>	<u>90.027.215</u>
Rekstrarafkoma				
án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		1.794.050	(9.327.008)	(6.697.549)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		1.654.382	0	1.845.579
Fjármagnstekjuskattur		(330.460)	(55.000)	(384.536)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(49.454)	0	(101.475)
		<u>1.274.468</u>	<u>(55.000)</u>	<u>1.359.568</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	11	<u>3.068.518</u>	<u>(9.382.008)</u>	<u>(5.337.981)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		13.154.530	16.996.532
Fastafjármunir samtals	5,9	13.154.530	16.996.532
Óinnheimtar tekjur	6,10	1.396.429	574.009
Aðrar skammtímakröfur		2.608.805	2.528.376
Handbært fé		16.592.783	10.120.381
Veltufjármunir samtals		20.598.017	13.222.766
Eignir samtals		33.752.547	30.219.298
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	11	24.606.521	21.538.003
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	430.197	1.015.666
Skuld við tengda aðila	14	164.999	160.206
Ógreiddur kostnaður	13	8.550.830	7.505.423
		9.146.026	8.681.295
Skuldir samtals		9.146.026	8.681.295
Eigið fé og skuldir samtals		33.752.547	30.219.298
Skuldbindingar			
	15		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað af sveitarfélögunum á Vesturlandi þann 15. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er Vesturland og Kjósarhreppur.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2024 er birt í ársreikningnum til samanburðar. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðauka sem stjórn eftirlitsins hefur samþykkt.

Innlausn tekna

4. Tekjur af veittri þjónustu eru innlestar eftir því sem þjónustan er innt af hendi auk árlegra eftirlitsgjalda. Framlög sveitarfélaga er innheimt í samræmi við samstarfssamning aðila sem að eftirlitinu standa og skiptist á milli aðila í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftirnar eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Bifreiðar	5 ár
Innréttingar og tæki	5 ár

Óinnheimtar tekjur og skammtímakröfur

6. Óinnheimtar tekjur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Fjárhagsáætlun		
	2024	2024	2023
Laun starfsmanna	56.306.764	58.287.056	50.597.060
Laun stjórnar	1.908.118	3.000.000	2.026.149
Fæðispeningar	1.015.347	1.000.000	856.159
Áunnið orlof, breyting	736.855	0	(625.790)
Ökutækjastyrkir	195.708	350.000	249.845
Dagpeningar	153.390	450.000	317.101
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.329.200	8.003.753	7.339.107
Önnur launatengd gjöld	6.435.047	6.473.343	5.783.230
Laun og launatengd gjöld samtals	74.080.429	77.564.152	66.542.861
Fjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf (ársverk)	4,8		4,3

Skýringar, frh.:

Sundurliðanir, frh.

8. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2024	2024	2023
Húsaleiga og skrifstofukostnaður	2.422.354	2.005.000	2.523.903
Sími og burðargjöld	1.090.367	935.000	1.252.312
Rekstur bifreiða	1.734.308	2.400.000	3.132.174
Önnur aðkeypt þjónusta	12.449.796	11.050.000	11.235.399
Tölvukostnaður	367.593	750.000	709.975
Annar kostnaður	2.680.643	1.630.000	2.024.448
	<u>20.849.862</u>	<u>18.770.000</u>	<u>21.367.890</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Innréttingar	Samtals
		og tæki	
Heildarverð 1.1.2023	3.950.000	970.318	4.920.318
Keypt á árinu 2023	14.774.870	0	14.774.870
Heildarverð 31.12.2023	<u>18.724.870</u>	<u>970.318</u>	<u>19.695.188</u>
Heildarverð 31.12.2024	<u>18.724.870</u>	<u>970.318</u>	<u>19.695.188</u>
Afskrifað samtals 1.1.2023	0	582.192	582.192
Afskriftir ársins 2023	1.922.400	194.064	2.116.464
Afskrifað samtals 31.12.2023	<u>1.922.400</u>	<u>776.256</u>	<u>2.698.656</u>
Afskriftir ársins 2024	3.744.972	97.030	3.842.002
Afskrifað samtals 31.12.2024	<u>5.667.372</u>	<u>873.286</u>	<u>6.540.658</u>
Bókfært verð 31.12.2023	16.802.470	194.062	16.996.532
Bókfært verð 31.12.2024	<u>13.057.498</u>	<u>97.032</u>	<u>13.154.530</u>
Afskriftahlutföll ..	20%	20%	

Skammtímakröfur

10. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2024	2023
Niðurfærsla í ársbyrjun	276.635	260.420
Endanlegar afskrifaðar kröfur	0 (102.188)
Breyting á niðurfærslu á árinu	<u>104.801</u>	<u>118.403</u>
Niðurfærsla í árslok	<u>381.436</u>	<u>276.635</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2023	26.875.984
Rekstrarniðurstaða ársins 2023	(5.337.981)
Eigið fé 1.1.2024	21.538.003
Rekstrarniðurstaða ársins 2024	3.068.518
Eigið fé 31.12.2024	24.606.521

Skammtímaskuldir

12. Viðskiptaskuldir

	2024	2023
Lánardrottinnar	430.197	1.015.666
	<u>430.197</u>	<u>1.015.666</u>

13. Ógreiddur kostnaður greinist þannig:

Áfallið orlof	5.076.674	4.339.819
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	2.000.448	1.889.997
Ógreidd önnur launatengd gjöld	1.465.167	1.267.067
Aðrar skammtímaskuldir	8.541	8.540
Skammtímaskuldir samtals	<u>8.550.830</u>	<u>7.505.423</u>

Tengdir aðilar

14. Aðal- og varamenn í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar eftirlitsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Í skýrslu stjórnar er getið um laun greidd til stjórnar og framkvæmdastjóra.

Kröfur og skuldir á tengda aðila sundurliðast með eftirfarandi hætti í árslok 2024:

	Skuld 2024	Krafa 2024	Skuld 2023	Krafa 2023
Hvalfjarðarsveit	164.999	0	160.206	0
	<u>164.999</u>	<u>0</u>	<u>160.206</u>	<u>0</u>

Heilbrigðiseftirlitið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti eftirlitsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Skuldbindingar og leigusamningar

15. Á árinu 2009 gerði Heilbrigðiseftirlitið samning við Hvalfjarðarsveit um leigu á aðstöðu og þjónustusamning um bókhald en samningurinn um bókhaldið færðist yfir til Hvalfjarðarsveitar 1. janúar 2012. Samningurinn tók gildi 1. september 2009 og er ótímabundinn. Kostnaður á árinu 2024 nam 2,0 millj. kr. (2023: 2,0 millj. kr.) og er færður á annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi.

Á árinu 2020 gerði Heilbrigðiseftirlitið samninga vegna leigu bifreiða. Samningarnir eru gerðir til 3-4 mánaða í senn en þeir voru ekki endurnýjaðir og lauk öllum á árinu 2024. Kostnaður á árinu 2024 nam 0,1 millj. kr. (2023: 1,1 millj. kr.)